



Reykjavík, 25. mars 2018

Ályktun LÍS um yfirvofandi kennaraskort

Yfirvofandi kennaraskortur hér á landi hefur verið töluvert til umræðu síðastliðin tvö ár. Á hvert sækja færri nemendur í kennaranám og er meðalaldur starfandi kennara kominn hátt í fimmtugt. Þá er talið að um einungis 60% menntaðra leikskólakennara og um helmingur menntaðra grunnskólakennara starfi í leik- og grunnskólum landsins. Því bendir þetta til að bæði þurfi að auka nýliðun og bæta starfsaðstæður kennara til muna, til þess að menntaðir kennarar sjái hvata og tilgang í því að fara í kennslu.

Aðildarfélög LÍS lýsa áhyggjum sínum af yfirvofandi kennaraskorti. Sé horft nokkur ár fram í tímann er ljóst að menntaðir kennarar verða af skornum skammti í kennslustofum landsins en það er gríðarlega mikilvægt að kennsla sé í höndum þeirra sem hafa menntað sig í fræðunum. LÍS er hlynnt því að námið sé til 5 ára. Neikvæð orðræða í garð kennaranáms síðustu ára beinist helst að lengingu námsins og er sú orðræða áfellisdomur um framkvæmd þeirra breytinga.

Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands hafa lagt fram tillögu þess efnis að 5. ár kennaranámsins verði launað starfsnám. Vert er að benda á að þegar kennaranámið var lengt í 5 ár úr 3, var markmiðið alltaf að 5. árið yrði launað starfsnám en það hefur ekki gerst enn. Felur útfærslan það í sér að kennaraefni sækji um launaðar nem-astöður til eins árs og vinni að meistaraverkefnum sínum samhliða kennslu, á vettvangi. Þá fengi hver nemi leiðsagnarkennara á vettvangi auk þess sem utanumhald yrði frá háskólunum. Vert er að benda á að kennaranemar við háskólana hafa hætt námi á meistarastigi þar sem ólaunað vettvangsnám getur reynst sumum erfiður hjalli að klífa en dæmi eru um það núna vorið 2018. Því má segja með öryggi að við erum að missa efnilegt fólk úr náminu sem annars myndi klára og því brýn nauðsyn að endurhugsa skipulag námsins.

Þá ber að vekja athygli á ákvæði er farðar starsnám í nýsamþykktri Gæðastefnu LÍS – Landssamtaka íslenskra stúdenta en þar segir meðal annars: „Tryggja skal að starfsnemi ljóti viðunandi laun í samræmi við kjarasamninga annarra starfsmanna á viðkomandi vinnustað, með tilliti til þeirra verkefna og ábyrgðar sem starfsnemi axlar. Einnig er mikilvægt að starfsvettvangur gæti samræmis og tryggi starfsnemunum sömu launakjör fyrir sömu störf. Það má aldrei líta á starfsnema sem frítt vinnuafli og einnig nauðsynlegt að það sé beint tenging milli starfs og náms nemans¹.

Boltinn er nú hjá sveitarfélögunum og er það undir þeim komið hvort starfsnámið verði að veruleika eða ekki en til þess að það verði að veruleika, þarf aukið fjármagn. Er það okkar mat að fyrirhuguð breyting muni draga úr brottfalli og gera námið eftirsóknarverðara fyrir tilvonandi kennaranema. Þá gerir launað starfsnám á 5. ári það einnig að verkum að kennara-efni myndu fá enn lengri undirbúning á vettvangi.

Jóhanna Einarasdóttir, prófessor og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, benti á í viðtali á dögunum að kennarastarfið standi á tímamótum og háskólarnir bjóði upp á fjölbreyttar leiðir að leyfisbréfinu. Fimm ára háskólanám reynist mörgum yfirþyrmandi og því var sett upp þrepaskipt nám sem síðar leiðir að leyfisbréfinu ef vilji er fyrir hendi. Þrátt fyrir tilraunir háskólanna til að mæta nemendum sínum er aðsókn í námið ekki næg til að mæta þeim kennaraskorti sem nú þegar stendur yfir. Þetta er eins og áður hefur komið fram mikið áhyggjuefni og ítrekum við því mikilvægi þess að endurskoða skipulag vettvangsnáms á meistarastigi.

Þrátt fyrir að námið spili stórt hlutverk er einnig mikilvægt að taka á þeim þáttum sem hafa orðið til þess að menntaðir kennarar sjá sér ekki fært um að starfa í skólakerfinu. Bæta þarf starfsaðstæður kennara til muna og þarf að skilgreina hlutverk þeirra með skilvirkari hætti. Því skora aðildarfélag LÍS á stjórnvöld að ganga til aðgerða, með það að markmiði að bæta starfsaðstæður kennara til muna.

Aðildarfélag LÍS hvetja stjórnvöld til þess að gefa kennarastéttinni almennilegt vægi og hvetja sveitarfélögin til þess að innleiða fyrirhugað starfsnám sem kennaradeild Háskólans á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands hafa unnið að og lagt fram.

¹ Heimild

Landssamtök íslenskra stúdenta. (2018). *Stefna Landssamtaka íslenskra stúdenta um gæði í íslensku háskólasamfélagi*. Sótt 25. mars 2018 af www.haskolanemar.is/utgefing-efni/